

## REGLUGERÐ

**um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2013  
til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.**

1. gr.

*Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2013 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

*Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

*Úthlutun fjárfamlags árið 2013.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2013 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2012 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2012 samtals kr. 882.951.421.012 og er áætlað fjárframlag ársins 2012 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 2.869.592.118 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

| <i>Lífeyrissjóður</i>         | <i>Fjárhæð kr.</i> | <i>Hlutfall</i> |
|-------------------------------|--------------------|-----------------|
| Almenni lífeyrissjóðurinn     | 32.268.563         | 1,125%          |
| Eftirlaunasjóður FÍA          | 8.651.820          | 0,302%          |
| Eftirlaunasjóður Reykjaneshús | 459.135            | 0,016%          |
| Eftirlaunasjóður starfsm.     |                    |                 |
| Hafnarfjarðarkaupstaðar       | 2.769.156          | 0,097%          |

| <i>Lífeyrissjóður</i>                            | <i>Fjárhæð kr.</i>   | <i>Hlutfall</i> |
|--|----------------------|-----------------|
| Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsb. Íslands       | 660.006              | 0,023%          |
| Festa lífeyrissjóður                             | 283.099.610          | 9,866%          |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                        | 119.905.907          | 4,179%          |
| Gildi lífeyrissjóður                             | 1.001.817.652        | 34,912%         |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn                       | 14.290.569           | 0,498%          |
| Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar                 | 2.023.062            | 0,071%          |
| Lífeyrissjóður bankamanna - aldur                | 18.838.872           | 0,657%          |
| Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall             | 17.791.471           | 0,620%          |
| Lífeyrissjóður bænda                             | 12.124.027           | 0,423%          |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfæðinga                  | 23.258.044           | 0,811%          |
| Lífeyrissjóður Neskaupstaðar                     | 530.875              | 0,019%          |
| Lífeyrissjóður Rangæinga                         | 17.662.340           | 0,616%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar        | 2.223.934            | 0,078%          |
| Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf. | 2.180.890            | 0,076%          |
| Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar      | 1.305.664            | 0,046%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsþær           | 2.625.677            | 0,092%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar     | 24.219.358           | 0,844%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A            | 119.748.079          | 4,173%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B            | 112.602.795          | 3,924%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A       | 36.329.036           | 1,266%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V       | 13.845.782           | 0,483%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar    | 1.793.495            | 0,063%          |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands           | 1.047.401            | 0,037%          |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga                      | 4.849.611            | 0,169%          |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna                    | 300.173.684          | 10,461%         |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga                      | 58.554.027           | 2,041%          |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja                     | 75.240.705           | 2,622%          |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn                      | 86.130.807           | 3,002%          |
| Stafir lífeyrissjóður                            | 72.155.894           | 2,515%          |
| Stapi lífeyrissjóður                             | 336.832.723          | 11,738%         |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda                  | 61.581.447           | 2,146%          |
| <b>Samtals</b>                                   | <b>2.869.592.118</b> | <b>100,000%</b> |

Við greiðslu fjárfamlags ársins 2014, í október 2014, skal endurreikna, og leiðréttta ef þörf er á, fjárfamlag ársins 2013 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2012.

#### 4. gr.

##### *Leiðréttting fjárfamlags ársins 2012.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2011 er kr. 819.672.689.391. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2011 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1064/2012, um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2012 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2011 er kr. 14.630.916.243 til lækkunar. Fjárfamlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2012 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðréttting fjárfamlags ársins 2012, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1064/2012, nemur því samtals kr. 47.550.478, til lækkunar. Áætlað fjárfamlag ársins 2013 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. lækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

| <i>Lífeyrissjóður</i>                      | <i>Fjárhæð kr.</i> | <i>Hlutfall</i> |
|--|--------------------|-----------------|
| Almenni lífeyrissjóðurinn                  | 584.633            | 1,230%          |
| Eftirlaunasjóður FÍA                       | 178.552            | 0,376%          |
| Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar            | 12.363             | 0,026%          |
| Eftirlaunasjóður starfsm.                  | 42.320             | 0,089%          |
| Hafnarfjarðarkaupstaðar                    |                    |                 |
| Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsb. Íslands | 9.272              | 0,020%          |
| Festa lífeyrissjóður                       | 4.548.916          | 9,567%          |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                  | 1.727.509          | 3,633%          |
| Gildi lífeyrissjóður                       | 16.303.157         | 34,286%         |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn                 | 255.346            | 0,537%          |
| Kjöldur lífeyrissjóður                     | 55.396             | 0,117%          |
| Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar           | 37.803             | 0,080%          |
| Lífeyrissjóður bankamanna - aldur          | 315.260            | 0,663%          |
| Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall       | 307.176            | 0,646%          |
| Lífeyrissjóður bænda                       | 228.718            | 0,481%          |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfæðinga            | 393.480            | 0,828%          |
| Lífeyrissjóður Neskaupstaðar               | 7.133              | 0,015%          |
| Lífeyrissjóður Rangæringa                  | 298.141            | 0,627%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar  | 35.187             | 0,074%          |
| Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka       | 31.859             | 0,067%          |
| Íslands hf.                                |                    |                 |
| Lífeyrissjóður starfsm.                    | 20.922             | 0,044%          |
| Húsavíkurkaupstaðar                        |                    |                 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar   | 48.026             | 0,101%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna                 | 411.787            | 0,866%          |
| Reykjavíkurborgar                          |                    |                 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A      | 1.793.842          | 3,773%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B      | 1.753.186          | 3,687%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A | 597.709            | 1,257%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V | 258.675            | 0,544%          |
| Lífeyrissjóður starfsmanna                 | 25.440             | 0,054%          |
| Vestmannaeyjabæjar                         |                    |                 |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands     | 22.824             | 0,048%          |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga                | 68.473             | 0,144%          |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna              | 5.662.786          | 11,909%         |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga                | 962.422            | 2,024%          |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja               | 1.247.487          | 2,624%          |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn                | 1.509.490          | 3,175%          |
| Stafir lífeyrissjóður                      | 1.220.621          | 2,567%          |
| Stapi lífeyrissjóður                       | 5.574.580          | 11,724%         |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda            | 999.987            | 2,103%          |
| <b>Samtals</b>                             | <b>47.550.478</b>  | <b>100,000%</b> |

Nr. 1033

7. nóvember 2013

5. gr.  
*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 7. nóvember 2013.*

F. h. r.  
**Hafdís Ólafsdóttir.**

*Anna V. Ólafsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2013